

## ***Eftirlit með tóbakssölu***



***Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis***

***September 2011***

## Efnisyfirlit

1. Framkvæmd .....	3
2. Niðurstöður .....	4
2.1 Tóbak sýnilegt .....	4
2.2 Bannskilti .....	4
2.3 Aldur afgreiðslufólks .....	5
2.4 Afgreiðslukassar .....	5

## 1. Framkvæmd

Til að selja tóbak í smásölu þarfnast sérstaks leyfis heilbrigðisnefndar á viðkomandi eftirlitssvæði. Slík leyfi eru veitt til fjögurra ára í senn og einungis einstaklingum eða lögaðilum sem fullnægja almennum skilyrðum laga um verslunaratvinnu.

Við framkvæmd eftirlits dagana 5-16 ágúst voru tóbaksleyfishafar í umdæmi HHK alls 60 talsins. Til fróðleiks má benda á að í byrjun árs 2008 voru leyfishafar 70 talsins. Skýringuna fyrir þessari fækkun sölustaða má vonandi tengja við smækkandi hóp tóbaks neytenda.

Tilgangur eftirlitsins var margþættur. Meðal annars að sjá til þess að framfylgja markmiðum og tilgangi tóbaksvarnalaganna, sinna upplýsingagjöf sem og veita forvarnargildi.

Eftirlitsmaður á vegum heilbrigðiseftirlitsins fór á sölustaði og kynnti rekstraraðilum og forsvarsmönnum þeirra tilgang og framkvæmd eftirlitsins. Þær meginreglur sem einkum voru til hliðsjónar voru í fyrsta lagi hvort að leyfishafar væru með merkingar sem segðu til um aldurstakmark kaupenda. Í öðru lagi hvort umbúðir og pakkningar tóbaksins væru sýnilegar viðskiptavinum. Í þriðja lagi hvort starfsmenn hefðu aldur til þess að selja og afhenda tóbak.

Vandkvæðum er háð að fylgjast með sölu tóbaks til ungmenna undir 18 ára aldri. Því var vakin athygli leyfishafa á þeirri nauðsyn að brýna fyrir starfsfólki að það biðji kaupanda um að framvísa skilríki sé vafi um aldur viðkomandi. Ungmenni eigi ekki hafa greiðan aðgang í tóbak. Má segja að verslunar og rekstaraðilar séu almennt vel meðvitaðir um þau skilyrði og þá ábyrgð sem á þeim hvílir. Ef athugasemda var þörf var helst um að ræða vöntun á merkingum um aldurstakmark kaupenda. Þar sem merkingum var áfátt, brugðust leyfishafar strax við með því að koma fyrir merkingum sem eftirlitsmaður afhenti þeim á staðnum. Þeir þættir sem kannaðir voru reyndust í viðunandi framkvæmd.

Við eftirlit 5-16 ágúst var farið á 57 sölustaði af 60. Á tveimur stöðum var tóbak ekki til sölu þrátt fyrir að rekstraraðili hefði tilskilið tóbaksleyfi


## 2. Niðurstöður

### 2.1 Tóbak sýnilegt

Samkvæmt 7. gr laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir skal tóbaki og vörumerkjum tóbaks komið þannig fyrir á útsölustöðum að það sé ekki sýnilegt viðskiptavinum. Þessu ákvæði virðist vera vel fylgt eftir þar sem á aðeins einum sölustað var tóbak sýnilegt viðskiptavinum.


### 2.2 Bannskilti

Í 8 gr. laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir er kveðið á um að tóbak megi hvorki selja né afhenda einstaklingum yngri en 18 ára. Þetta bann skuli auglýst með áberandi hætti þar sem tóbak er selt.



Mynd 1. Hlutfallsleg niðurstaða á því hvort bannskilti á sölu á tóbaki til 18 ára og yngri væri sýnilegt.

### 2.3 Aldur afgreiðslufólks.




Mynd 2 . Hlutfallsleg niðurstaða á því hvort afgreiðslufólk á sölustöðum tóbaks sé yngra en 18 ára.

Á öllum sölustöðum var starfsmaður yfir 18 ára á vakt.

### 2.4. Afgreiðslukassar

Á flestum sölustöðum er tóbakssalan ekki bundin við tiltekna afgreiðslukassa. Nokkrar stórverslanir hafa þó tekið upp á því að binda tóbakssölu við þjónustuborð. Það kann að gera ungmennum erfiðara um vik að nálgast tóbak..



Mynd 3. Hlutfallsleg niðurstaða á því hvort tóbakssalan sé bundin ákveðnum afgreiðslukassa.